

## Stóru-Vogaskóli, 150 ára saga: 1872-2022



### Þorvaldur Örn Árnason

Haustið 2022 átti Stóru-Vogaskóli 150 ára afmæli. Af því tilefni birti ég vikulega þátt úr sögu skólans í [Víkurféttum](#). Alls urðu þetta 46 þættir sem þar birtust. Síðar bættust fjórir við.

Haustið 2021 fékk ég þá hugmynd að vinna úr gögnum sem ég hafði safnað í tengslum við 140 ára afmæli skólans 2012, hvattur til þess af Snæbirni Reynissyni skólastjóra og Hauki Aðalsteinssyni sagnfræðigrúskara, sem höfðu þegar um aldamótin safnað dálitlu efni og haldið upp á 130 ára afmælið 2002. Talsvert af handskrifuðum gögnum frá allri 20. öld voru varðveitt í skólanum. Þau nýttust vel við skrif þessi en auk þess leitaði ég víða fanga eins og gerð er grein fyrir 49. þætti, [sjá hér](#).

Eftir að hafa birst í Víkurféttum var öllu efninu safnað saman á vefsíðu Stóru-Vogaskóla, sjá hér: [Þættir úr sögu skólans – Stóru-Vogaskóli](#). Einnig er hægt að nálgast efnið í prentvænni útgáfu, [sjá hér](#).

Hvatinn að þessum skrifum var ekki síst sá að mér fannst skólinn hafa verið sniðgenginn þegar fjallað var opinberlega um elstu barnaskóla landsins. Sem dæmi má nefna í tveggja binda verki Kennaraháskóla Íslands og Háskólaútgáfunnar frá 2008, *Almenningsfræðsla á Íslandi*, er skólinn ekki nefndur á nafn. Mér þótti því brýn ástæða til að draga sögu skólans fram í dagsljósið. Stóru-Vogaskóli er þriðji elsti barnaskólinn á Íslandi sem hefur starfað samfleytt.

Séra Stefán Thorarensen, prestur og sálmaskáld á Kálfatjörn, átti frumkvæði að því að

stofna skólann, ásamt útvegsbændum í hreppnum. Hann stofnaði til þess félag sem aflaði fjár og lét byggja skólahús. Þannig starfaði skólinn frá upphafi í eigin húsnæði. Stefán samdi reglugerð fyrir skólann í 30 greinum, eins konar skólanámskrá. Vísir var að unglिंगadeild og heimavist frá upphafi.



Í upphafi hét skólinn *Thorhilli Barnaskólinn í Vatnsleysustrandarhreppi*. Það nafn festist ekki við hann, heldur var hann kallaður Suðurkotsskóli, enda byggður á jörðinni Suðurkoti í Brunnastaðahverfi. Seinna (1938) breyttist nafnið í Brunnastaðaskóli. Grunnur elsta skólahússins þar er enn heillegur. Þegar skólinn var síðan fluttur í Voga árið 1979 fékk hann núverandi nafn, Stóru-Vogaskóli, enda byggður í túni höfuðbýlisins Stóru-Voga. Öll þessi 150 ár er þetta í raun sama stofnunin, þó hús væru byggð og rifin og nöfnum breytt. Byggð voru minni skólahús og starfækt um tíma – eins konar útibú frá skólanum – í fjarlægum hverfum, þegar þar var barnmargt. Þannig starfaði skóli í Kálfatjarnarhverfi 1893–1910, fyrst á Þórustöðum og í Landakoti og frá 1903 í sérbyggðu húsi í Norðurkoti; og í Vatnsleysuhverfi 1910–1914 og 1925–1943. Frá haustinu 1943 hefur verið skólabíll og eftir það öll kennslan á einum stað. Minja- og sögufélag Vatnsleysustrandar hefur endurbyggt Norðurkotsskóla við Kálfatjörn og er þar nú lítið skólaminjasafn.

Ég vona að lesendur *Skólalpráða* og annað áhugafólk um skólasögu og skólaþróun njóti þess að skoða þessa áhugaverðu sögu sem endurspeglar afrek forfeðra okkar og mæðra – að koma hér á fót skóla fyrir öll börn, stúlkur sem drengi, snauða sem ríka – löngu áður en skólaskylda komst á og opinberir aðilar fóru að sinna skólamenntun barna af alvöru.



MYNDIN ER FENGIN AF HEIMASÍÐU STÓRU-VOGASKÓLA. SJÁ  
[HTTPS://WWW.STORUVOGASKOLI.IS/SKOLI/150-ARA-SAGA/THAETTIR-UR-SOGU-SKOLANS](https://www.storuvogaskoli.is/skoli/150-ARA-SAGA/THAETTIR-UR-SOGU-SKOLANS)

---

## Um höfund

Þorvaldur Örn Árnason er líffræðingur að mennt. Jafnframt háskólanámi í líffræði og að því loknu vann hann sem stundakennari við Háskóla Íslands og Kennaraháskólann. Hann nam síðan kennslufræði við KHÍ og kenndi um árabil í Menntaskólanum á Ísafirði og Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Þorvaldur var námstjóri í menntamálaráðuneytinu í tæpan áratug og lauk kennsluferli sínum sem náttúrufræðikennari við Stóru-Vogaskóla í Vogum, þar sem hann býr, og kenndi þar 2000-2016

---

# SKÓLAÞRÆÐIR

TÍMARIT SAMTARA ELDUGÓLS OG SKÓLAÞRÆÐA

GREIN BIRT 5. NÓVEMBER 2024